

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu um að Rang- 131
arvallasýslu sje veitt lán úr landssjóði.—Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Rangárvalla- 12. sept.
 sýslu fyrir höndsýslunefndarinnar þar, og eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 10. þ. m., þar er þjer fyrir hönd amtsráðsins í Suðuramtinu veitið samþykki yðar til lántökunnar, hefi jeg veitt Rangárvallasýslu 10000 kr. lán úr viðlagasjóði landsjóds til þess að bæta úr skaða þeim, sem hlotizt hefir af hinum stórkostlegu jarðskjálftum, er þar hafa gengið fyrir skemmstu, gegn því að lán þetta endurborgist á 10 árum með 1000 krónum á ári, auk 4% vaxta.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiftsyrfrvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.— 132
 Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu 12. sept.
 brjefi, dagsettu 10. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess, að presturinn að Breiðabólstað í Vesturhópi, síra Hálfván Guðjónsson, taki 2000 króna embættislán handa prestakallinu til jarðabóta á umgetnu prestssetri, sem sje til þess að girða og sljetta túnið og til vatnsveitinga á engjunum. Þó er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að tekinn verði að eins helmingur lánsins þegar í stað, en hinn helmingurinn, þegar presturinn hefir sannað það fyrir stiptsyfivöldunum, að það verk sje unnið prestssetrinu til bóta, sem samsvari 1000 króna virði; að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum í lengsta lagi frá lántökudegi að telja, með jöfnum árlegum afborgunum, auk vaxta, og að presturinn eða bú hans svari við burtför hans frá brauðinu eða fráfall jarðabótum, er unnar verði hjer eptir og metnar að minnsta kosti svo mikils virði, sem upphæð lánsins nemur, eða svari ofanálagi fyrir það, sem til kynni að vanta.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyrfrvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyrfrvaldanna um skilning á lögum nr. 36, 13. 133
desbr. 1895, að því er snertir það atriði, hvenær þau komi til framkvæmda. — Með 16. sept.
 þóknanlegu brjefi, dags. 9. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, herra biskup, beiðzt leiðbeiningar minnar um það, hvernig svara beri fyrirspurn frá prestinum að Þingeyrum, síra Bjarna Pálssyni, hvort lög nr. 36, 13. desbr. 1895, um breytingu á 2. gr. laga nr. 13 frá 3. október 1884, er komu í gildi seinast á fardagaárinu, sem leið, sje ekki að skilja á þá leið, að því er prestakall hans snertir, að ekkjan, sem í brauðinu er, og hefir í eptirlaun 122 kr. 37 a. eða $\frac{1}{10}$ af upphæð teknanna eptir gildandi mati, eigi fyrir fardagaárið 1895/96 að fá eptirlaunin greidd með 100 krónum úr landsjóði, og 22 kr. 37 aur. af brauðinu.

Jafnframt þessu hafa hin heiðruðu stiptsyrfrvöld tekið það fram, að presturinn muni byggja skilning sinn á umræddum lögum frá 1895 á því atriði, að

12. dag októbermán. 1896.

133 með því að lögin sjeu komin í gildi nokkru fyrir fardaga 1896, og það sje orð-
16. sept.in hjer um bil föst venja, að prestar greiði prestaekkjum eptirlaunahluta þeirra af braudunum eigi fyr en að liðnu því fardagaári, sem um er að ræða, þá eigi sú útborgun, sem fram fer fyrir fardagaárið 1895/96, að fara að öllu leyti eptir optnefndum lögum. Aptur á móti láta stiptsyfirvöldin það álit í ljósi, að edli- legast væri að lögin kæmu eigi í gildi fyrri en við þá eptirlaunaútborgun, sem fer fram eptir fardaga 1897 fyrir það fardagaár, sem nú er að liða.

Út af þessu er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitund- ar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á þá skoðun, sem stiptsyfirvöldin þannig hafa látið í ljósi, að umrædd lög komi eigi til framkvæmda tyr en fardagaárið 1896/97, því að það virðist eigi geta komið til nokkurra mála að þau gildi fyrir allt fardagaárið 1895/96 en að hinu leyt- inu mun það vera orðin venja að skoða hvert fardagaár sem eina heild, þegar um eptirlaun prestsekkna er að ræða að því leyti sem þau eru greidd af tekj- um braudanna.

Að endingu skal þess getið, að mál þetta heyrir undir úrslit dómstól- anna.

134 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamt-
21. sept.inu um að Árnessýslu sje veitt lán úr landssjóði. — Samkvæmt beiðni sýslumanns- ins í Árnessýslu og tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 18. þ. m., hefi jeg veitt Árnessýslu 10000 króna lán úr viðlagasjóði landsjóðs til þess að hjálpa þeim sveitum sýslunnar, sem orðið hafa fyrir stórtjóni af jarð- skjálftum þeim, sem gengið hafa þar um síðastliðin mánaðamót, gegn því að lán þetta endurborgist á 10 árum með 1000 krónum á ári, auk 4⁰/₁₀ vaxta.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr- ar leiðbeiningar og frekari birtingar.

135

Reglugjörð

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum o. fl.

1. gr.

Hreppsnefndinni í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur, að annast um lækning á hundum, eins og henni þykir bezt við eiga, og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn, eptir stærð og þjettbyli hreppanna, og skulu allir þeir, er þannig eru skipaðir til að annast um lækningu á hundum, skyldir til að hlýða undantekningarlaust ákvæðum hennar.

2. gr.

Lækninguna á hundunum skal hreppsnefndin láta fram fara á einum og sama degi í öllum hreppnum, einu sinni á ári hverju í nóvembermánuði.